



CAD Fréttir Ágúst 2008

Siðsumar:

Nú fer met sumri að halla að hausti og dagarnir eru farnir að stytast. Verðurfarslega er þetta búið að vera frábært sumar, að minnsta kosti hér fyrir sunnan.

Tíminn flýgur, Listahátíð og sumarfrí er fyrir bí og (ó)menningarnótt framundan.

Þetta allt leiðir hugann af tímahugtakinu sem er svo afstætt. Sum okkar fylgjast jafn grannt með tímanum og aðrir fylgjast með veðurfréttum. Hvorugt fyrirbærið höfum við þó áhrif á. Það er líka misjafnt hvernig hver og einn skynjar tíma og í hvaða samhengi tíminn er mældur. Ein sekúnda er langur tími ef verið er að setja ólympíumet í sundi eða 100 m. spretthlaupi en í öðru samhengi er þessi tímaeining ekkert.

Þessi stöðugi eltingaleikur við tíma, afköst og hagnað gerir það að verkum að flest okkar eltast við að framleiða / afkasta meiru pr. tímaeiningu auk þess sem afurðin okkar þarf helst að vera ódýrari og nota minna hráefni en áður. Þetta er lögmál framleiðslugreinanna en einnig lögmál hönnunar að einhverju leyti. Vandamálið er að ef allir auka afköst eða hraða um tiltekna prósentu hagnast enginn umfram annan.

Hröðun er mikilvægt hugtak þegar talað er um tíma. Aukin hröðun er að auka forskotið á keppinauta og þannig ná betri stöðu í samkeppninni.

Við hjá CAD ehf. erum með hugbúnað og lausnir sem geta hjálpað hönnuðum og framleiðendum að ná betri stöðu á markaðnum. Hugbúnaður og lausnir sem stytta leiðina frá hugmynd til framkvæmdar. Annars staðar í þessu fréttabréfi er bent á uppfærslutilboð sem nú eru í gangi hjá Autodesk. Tilboð sem stendur í stuttan tíma og eru afar hagkvæm.

Tilboð:



Uppfærsla á AutoCAD 2006 og AutoCAD LT 2006 í 2009 með 20 % afslætti. Þetta tilboð gildir einnig fyrir 2007 línuna. Eins og vonandi flestum er ljóst þá rennur AutoCAD 2006 sitt skeið um næstu áramót og eftir þann tíma verður ekki unnt að uppfæra.

Til 1. október er unnt að uppfæra á þessu sérlega hagstæða verði.

Skilyrði er að tekin sé áskrift til eins árs. Áskrift er skylda á öllum forritum frá Autodesk.

Einnig er átak / tilboð í gangi varðandi þá notendur sem hafa dottið út úr áskrift af einhverjum ástæðum. Hafið samband við CAD ehf og leitið upplýsinga. AutoCAD 2009 notendur sem eru í áskrift geta uppfært í AutoCAD Electrical 2009 og eða AutoCAD Mechanical 2009 fyrir mjög hagstætt verð. Skilyrði er að

núverandi AutoCAD 2009 sé í áskrift.

Þetta tilboð stendur til 15. október 2008. Leitið upplýsingar hjá CAD ehf. Inventor notendur eiga rétt á að kaupa AutoCAD Electrical 2009 á hálfvirið. AutoCAD Electrical er frábært forrit til hönnunar á stýrimyndum (schematics). Leitið upplýsingar hjá CAD ehf.

Servicepacks og uppfærslur:

Service pack 1 er kominn út fyrir eftirfarandi forrit:
 AutoCAD 2009 og að finna hér: <http://tinyurl.com/6cwjqp>
 AutoCAD LT 2009 er að finna hér: <http://tinyurl.com/66jmvu>
 AutoCAD Mechanical 2009 er hér: <http://tinyurl.com/62s6vd>
 Autodesk Mechanical Desktop 2009: <http://tinyurl.com/218hrx>
 AutoCAD Electrical 2009: <http://tinyurl.com/5wdt3s>

Servicepack fyrir Autodesk Inventor Series 2009 og Autodesk Inventor Professional 2009 er væntanleg um næstu mánaðarmót.

Áskriftar bónus:

Nú er komin út "bonus pack1" fyrir AutoCAD áskrifendur.
 Þegar "bónus pakkinn" er settur upp koma nokkrar nýjar værkfærastikur (toolbars) með nýjar og/eða endurbættar skipanir. T. d. er endurbætt "distance og area", "Reverse Polylines" (vixlar stefnan á pólylínium), Rotated Viewports, Convert Spline to Polyline og margt fleira.
 Unnt er að hala niður bónus pakkann með því að fara inn á áskrifarsíðuna ykkar. Þar er einnig unnt að hala niður Impression eins og nefnt var í fréttabrefi fyrr í ár. Í teikningaumhverfinu eru líka margar nýjungar.

Autodesk labs:



Autodesk heldur úti mjög áhugaverðri síðu: labs.autodesk.com þar sem sett er mörg ný forrit og "plug-ins" sem enn ekki er komið í sölu. Í sumar hefur margt verið að gerast þar. Fyrir AutoCAD notendur, Inventor Notendur eða Revit og Design Review notendur ber að nefna "3D/2D Share Now". "Command Complete" Bonus tool fyrir AutoCAD auðveldar þér að leita að skipan í AutoCAD - eins konar "intellisense tækni".

Fyrir Inventor notendur er margt áhugavert.

"2D to 3D tool for Inventor" auðveldar þér að taka inn gamlar tvívíðar AutoCAD teikningar og á ör skammri stund búa til þrívítt módel úr þessum tvívíddar teikningum.

"iMap for Inventor" gefur grafískt yfirlit yfir tengsl í módelið t.d. hvaða partur er notaður hvar, hvernig er tenging skorða (constrains) og margt fleira. Þetta "plug-in" er því miður aðeins til í 32ja bita útgáfu. "Shrinkwrap for Inventor"

Þessi add in bý til "einfaldar" útgáfu af hvaða módel sem er - þ.e.a.s. bý til einn solið úr samsetning og geri það á mjög einfaldan og auðskiljanlegan hátt.

Advanced Simulation Technology Preview for Autodesk Inventor

Fyrir þá sem eru með Inventor Professional.

Nú er unnt að framkvæma álags- og hreyfigreiningu á samsetningar. Hægt er að athuga "hvað ef..." t.d. þú villt "optimera" efnið. Þú getur valið mismunandi "mesh" stærð á mismunandi stykki.



Tips & Tricks:

AutoCAD:

Að bæta hlut inn í skavering (hatch)

Segjum svo að þú hafir bætt við texta eða hlut inn á skaverað svæði (hatch) og þú villt ekki að skaveringin fari yfir textann.

Það er ástæðulaust að þurrka út hatch'ið sem er fyrir. Eindfaldlega tvísmellið á hatchið og í "options" boxið veljið "Add Objects" og veljið textan. Smellið síðan á "OK". Hatchið fer nú í kringum textan.

Copy to Layer

Skipan sem margir gleyma.

Kópiarar valda hluti yfir á annað lag. Þetta er ekki færsla heldur fjölföldun.

LOCKUI (skipan og kerfisbreyta)

Hnappastkur, gluggar osfrv. er unnt að læsa með LOCKUI kerfisbreytan. Sjálgefið er þessi breyta sett á 0 og eru allar gluggar, hnappastikur og panel fljótandi.

Eftirfarandi eru gildin:

0 : Allar stikur eru fljótandi.

1 : Aðeins stikur sem eru til hliðar (hægra og vinstra megin á skjánum) eru læstar

2 : Aðeins gluggar sem eru til hliðar eru læstar.

4 : Aðeins "lausar" hnappastikur eru læstar.

8 : Aðeins "lausir" gluggar eru læstir.

Segjum svo að þú viljir læsa aðeins "lausir" gluggar og hnappastikar - sum sé 4 og 8 þá er LOCKUI sett á 12. Talan 15 læsir öllu. Þó svo að eitthvað hafa verið læst er unnt að færa með því að halda Ctrl hnappinn niðri.

Object Snap.

Vill minna á "nýlegum" object snaps svo sem "parallel" (samhliða) og "extension" (framlenging).

Notkun þessara "krækja" útheimtar smá æfingu í notkun "object tracking". Það er ekki erfitt en kostar nokkrar mínútna æfingu með músinni.

Inventor:

Ég vil minna á ókeypis "míni-námskeiðin" hjá Autodesk kölluð Skill Builders. Slóðin er hér:

<http://tinyurl.com/5cgnux>

Manufacturing Community inniheldur ýmsar greinar og fróðleik svo og aðgang að íhlutum frá mörgum framleiðendum.

slóðin að Manufacturing Community er: <http://mfgcommunity.autodesk.com/>.

Þar er einnig fullt af tips & tricks.

Til að fá aðgang að íhluti og annað þarf að skrá sig einu sinni.

AutoCAD Electrical.

Electrical er einnig á Manufacturing Community og hefur sína eigin blogg síðu:

<http://mfgcommunity.autodesk.com/blogs/blog/7/>

Her er að finna tips og tricks fyrir Electrical: <http://tinyurl.com/6ehew3>

Um leið og ég þakka fyrir sumarið vona ég að þið komið ÖLL sterk inn í veturinn í þeirri mynd sem hverjum hentar best.

kveðja

Finnur P. Fróðason

Hafið Samband:

sími: 5523990 - cad@cad.is

Forward email

✉ **SafeUnsubscribe®**

This email was sent to finnurp@cad.is by finnurp@cad.is.

[Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).

Email Marketing by

